

140. löggjafarþing 2011–2012

Þingskjal 518 — 389. mál.

17.04.2012

Umsögn Blindrabókasafns Íslands um 389. mál



Blindrabókasafn Íslands
Hljóðbókasafn

Alþingi
Erindi nr. Þ 140/1915
komudagur 23.4.2012

Blindrabókasafn Íslands starfar samkvæmt lögum nr. 35 frá árinu 1982 með síðari viðbótum. Í þeim segir m.a. í 1. gr.: „Hlutverk Blindrabókasafns Íslands er að sjá blindum, sjónskertum, og öðrum þeim, sem ekki geta fært sér venjulegt prentað letur í nyt, fyrir alhliða bókasafnsþjónustu.“ Og í 2. gr. segir m.a.: „Blindrabókasafn Íslands miðlar skáldverkum, fræðiritum og öðru efni, þar á meðal námsgögnum, til blindra og til þeirra sem eiga við lestrarörðugleika að etja í sem bestu samræmi við óskir og þarfir lesandans.“

Blindrabókasafnið framleiðir þannig samkvæmt lögum hljóðbækur og annað rafrænt efni fyrir blinda, sjónskerta, lesblinda og aðra þá sem einhverra hluta vegna geta ekki nýtt sér prentað letur. Lánþegar safnsins eru því einstaklingar sem þurfa á rafrænni útgáfu, sem hægt er að spila í ólíkum forritum, að halda og þeir geta ekki nálgast þetta efni annars staðar. Starfsemi safnsins snýst þannig fyrst og fremst um að jafna aðgengi prentleturshamlaðra að upplýsingum sem þeir hafa ekki aðgang að til jafns við aðra, það er að segja að miðla efni til þeirra sem vegna fötlunar geta ekki nýtt sér önnur bókasöfn.

Stór hluti þjónustu Blindrabókasafns Íslands snýst um aðstoð við sjónskerta, aldraða einstaklinga sem hafa ekki aðgang eða þekkingu á tölvum. Um þúsund lánþegar eru í þessum hópi og eru þeir jafnframt langvirkustu notendurnir. Annar stór þáttur í þjónustu safnsins er að huga að sérþörfum nemenda og þróa námsefni þannig að það sé nýtist prentleturshömluðum nemendum sem allra best í námi. Það er þekkt staðreynd að ungmenni með lesblindu heltast úr lestinni að skólaskyldu lokinni í meira mæli en aðrir sökum þess hversu erfitt er fyrir þá að tileinka sér námsefnið. Blindrabókasafnið fylgist vel með og vinnur að stöðugum úrbótum fyrir þennan hóp. Lesblindum lánþegum safnsins hefur fjölgað gífurlega undanfarin ár og eru þeir nú um 60% lánþega safnsins. Stór hluti þjónustu safnsins snýst þannig ekki eingöngu um að framleiða hljóðbækur til yndislestrar heldur einnig að miðla efninu til notenda í því formi sem hentar best hverjum og einum. Námsbókum er þannig til dæmis miðlað með öðrum hætti en fagurbókmenntum.

Það er skoðun okkar og reynsla á Blindrabókasafni Íslands að mikil þörf sé fyrir þessa þjónustu og þyrfti hún í raun að aukast verulega svo við stæðum jafnfætis blindrabókasöfnum annarra Norðurlanda. Blindrabókasafn Íslands á fullt í fangi með að halda uppi góðu þjónustustigi eins og mál standa í dag. Ef safnið yrði opnað öllum eins og staðan er í dag er hætt við að drægi verulega úr þeirri sértæku þjónustu sem svo sár þörf er fyrir. Þeir sem yrðu verst úti við þjónustuskerðingu væru að öllum líkindum nemendur og aldraðir lánþegar.

Í tillögu þingmanns er talað um að það mætti hugsa sér að útlán til almennings yrðu bundin við niðurhal eða streymi af neti. Um helmingur lánþega Blindrabóksafnsins nýtir sér netþjónustu og afgreiðir sig sjálfur, 30% hala niður af neti 20% panta diska sem eru afgreiddir af safni en 50% hringja inn og fá aðstoð við lánið. Því fer þannig fjarri að allir hafi aðgang að neti og sér í lagi á það við um eldra fólk.

Bækur Blindrabókasafnsins eru framleiddar með undanþágu frá almennum höfundarétti, eða skv. 19. grein höfundalaga þar sem segir: „Heimil er eftirgerð og dreifing eintaka af verkum sem út hafa verið gefin þegar slík eintök eru sérstaklega ætluð til nota fyrir blinda, sjónskerta, heyrnarlaus, lestrarhamlaða eða aðra þá sem vegna fötlunar eru ófærir um að lesa prentað mál. Ákvæði þetta gildir ekki ef eftirgerðin eða dreifingin fer fram í fjárhagslegum tilgangi.“

Heimild þessi gildir ekki um dreifingu eintaka með útláni til almennings. Er því núgildandi lögum samkvæmt ekki leyfilegt að lána þá tæplega 7000 titla sem til eru til annarra en skráðra lánþega safnsins nema með afturvirkum lagabreytingum og samningum við höfunda sem höfðu ekkert um það að segja þegar bókin var upphaflega lesin inn. 19. grein Höfundalaga veitir Blindrabóksafninu sérstöðu og gerir því í raun kleift að starfa. Safnið getur vegna hennar m.a. rekið hljóðver þar sem innlesurum eru greidd laun sem eru talsvert undir markaðsverði. Yrði safnið opnað fyrir alla myndi safnið missa þessa sérstöðu og væri ekki stætt á öðru en að greiða markaðsverð fyrir innlestur á bókum og yrði þannig framleiðsla bókanna mun dýrari fyrir vikið. Það gefur auga leið að þetta kæmi niður á prentleturshömluðum einstaklingum hér á landi.

Á Blindrabókasafni eru nú skráðir um 5600 lánþegar en lánþegafjöldinn hefur nær fjórfaldast á síðastliðnum árum í kjölfar kynninga í skólum. Aukningin er langmest meðal lesblindra nemenda. Fjárheimild safnsins er 81 milljón á ári og sértekjur 5-10 milljónir. Safnið hefur nýverið sótt um aukna fjárheimild til Mennta- og menningarmálaráðuneytisins þar sem starfsemin er í mjög þröngri stöðu vegna verulegrar þjónustuaukningar. Þannig þarf vart að nefna að verulegar stórauknar fjárheimildir þyrftu að koma til ef færa ætti þjónustuna til þeirra sem ekki þurfa sérstaklega á henni að halda.

Blindrabókasafn Íslands vill fyrst og fremst vernda hagsmuni lánþega sinna og hefur engan fjárhagslegan ávinning af starfsemi sinni. Hlutverk þess er fyrst og síðast að nýta þá opinberu fjármuni sem því er úthlutað sem allra best fyrir þá sem standa höllum fæti gagnvart prentuðu máli.

Hugmyndin um að opna safnið öllum virðist ein og sér ekki flókin en við framkvæmd hennar þyrfti verulegar hækkanir fjárheimilda svo ekki sé talað um úrlausnir flókinna laga- og réttinda- og hagsmunamála.

Virðingarfyllst,

f.h. Blindrabókasafns Íslands
Þóra Sigríður Ingólfssdóttir, forstöðumaður